



Inngangur

Gagnrýnar menntarannsóknir og framhaldsskólinn

Berglind Rós Magnúsdóttir - Prófessor í menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sprenging hefur orðið í aðgengi og aðsókn að framhalds- og háskólastiginu hér á landi á síðustu áratugum og í kjölfarið hafa margir orðið fyrstir í sinni fjölskyldu til að ljúka prófi úr háskóla. Því fylgir mikið stolt og gleði. Sem dæmi um þessa hröðu þróun er að árið 2016 áttu 60% grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu foreldri með háskólamenntun en hlutfall þeirra hafði tvöfaldast á 20 ára tímabili (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Með lögleiðingu á fræðsluskyldu til 18 ára eiga öll ungmenni rétt á að mennta sig í framhaldsskóla (lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008) og árið 2022 hófu 95% 16 ára ungmenna nám í framhaldsskólum.¹ Halda mætti að með þessu opna aðgengi höfum við sem þjóð tryggt félagslegt réttlæti í menntun. En ýmislegt bendir til að ójöfnuður sé áfram til staðar og hafi jafnvel aukist (Menntamálastofnun, 2023). Pólun milli hverfa virðist fara vaxandi, þ.e. þeir foreldrar sem hafa mestan menntunar- og efnahagsauð hafa þyrpst í sömu hverfin innan höfuðborgarsvæðisins á meðan hlutfall innflytjenda og foreldra í krefjandi aðstæðum hefur aukist í öðrum skólahverfum (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Eins hafa verið færð rök fyrir því að árangursbil í námi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis megi fyrst og fremst rekja til lakari félags- og efnahagslegrar stöðu meðal dreifbýlinga (Þorlákur Axel Jónsson, 2019). Þá er ljóst að félags- og efnahagsleg lagskipting milli framhaldsskóla á Íslandi mælist nú afgerandi (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2022). Stóraukið aðgengi að framhaldsskólanámi sem slíkt virðist því ekki endilega tryggja félagslegt réttlæti.

Allt frá árinu 1966 þegar hin þekkt skýrsla Coleman um mikilvægi stétta- og menningarblöndunar í skólum kom út, hefur verið vitað að þjóðfélagslegt samhengi skiptir sköpum varðandi menntun og er órjúfanlegur hluti af jöfnum menntatækifærum (Coleman, 1966; Goldsmith, 2011). Um áratug síðar sýndu Bourdieu og Passeron (1977) fram á í bók sinni *Reproduction in Education, Society and Culture* að efri stéttir virtust viðhalda forskoti sínu þrátt fyrir opnun menntakerfisins fyrir allar stéttir og töldu það m.a. stafa af því að mat á skólatengdum verðleikum væri byggt á menningu ríkjandi hópa í samfélaginu. Það kristallast t.a.m. í virðingarmun milli skóla eftir félagslegu samhengi þeirra (Thrupp og Lupton, 2006), ólíku virði námsgreina þar sem kanónu- og statusgreinar tróna efst í akademísku fögnum (Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2022) og svo hið vel þekkt stigveldi sem hefur verið ríkjandi milli bóknáms og verknáms (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018). Greinarnar sem hér birtast eiga allar sameiginlegt að varpa ljósi á hvernig námsval, nám og möguleikar ungmenna *innan menntakerfisins* markast af uppruna og félags- og menningarlegri aðgreiningu.

Á undanförunum áratugum hafa orðið stórstígar breytingar á skólakerfum heimsins. Tilhneiging í menntastefnu hefur verið í átt að auknu sjálfstæði skóla með tilheyrandi regluslökunum (e. deregulations) og aukinni áherslu á ábyrgðarskyldu (e. accountability) með það að markmiði að auka gæði og skilvirkni kerfisins. Þessi stefnuflétta hefur verið nefnd SAWA (School-Autonomy-With-Accountability) á enskri tungu (Verger o.fl., 2019). Áherslan á nýskipan í ríkisrekstri (e. new public management) sem nam hér land undir lok tuttugustu aldar er stefnugrunnurinn í fléttunni og hefur átt sér ólíkar birtingarmyndir á Íslandi eftir ráðherrum og tímabilum. Þessi áhersla hefur falið í sér endurmótun ákveðinna þátta í íslensku menntakerfi út frá leikreglum í viðskiptaheiminum (Steiner-Khamsi o.fl., væntanlegt 2024). Sem dæmi um þetta er markaðsvæðing skólavals. Á sama tíma hefur stefna stjórnvalda verið að leggja áherslu á inngildingu innan framhaldsskólakerfisins og jöfn tækifæri óháð búsetu, stétt, fótlan, uppruna og þjóðerni. Almennt er gert ráð fyrir því að kerfið sé sanngjarn og valdeflandi og ýti undir félagslegan hreyfanleika með opnu og frjálsu skólavali. Eitt af meginmarkmiðum þessa sérrits er að átta sig á hvort það eigi við hér á landi.

¹ Hagstofa Íslands, 2024, Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2022.

Greinarnar sem hér birtast eru sprottnar úr málstofum á vegum RannMenntar á Menntakvikunni 2021² og 2022³. Fyrstu tvær greinarnar voru í grunninn skrifaðar sem bókarkafli fyrir Springer útgáfuna (Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2022; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2022), í bók sem ber heitið *Governance and choice in upper-secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* [ísl. *Stjórnarhættir og val í norrænum framhaldsskólakerfum: Aðgengi og félagslegt réttlæti*] (Rasmussen og Dovemark, 2022). Sú bók er byggð á sams konar fræðilegu sjónarhorni og þetta rit. Reyndar hafa greinarnar tekið talsvert miklum breytingum. Fyrsta greinin eftir Berglindi Rós Magnúsdóttur og Sonju Kosunen er sú eina þar sem gagnasöfnun nær út fyrir landsteinana. Þar eru bornir saman hátt skrifaðir framhaldsskólur í Reykjavík og Helsinki og val nemenda þeirra á námi í háskóla, þ.e. hvernig samþjöppun auðs undir sama þaki hefur áhrif á stofnunina sjálfa, sem og nám, sjálfsmynd og svo námsval og vegferð nemenda á næsta skólastigi. Í annarri grein ritsins færa Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir sterk rök fyrir því að algjört valfrelsi í skólavali ýti undir og endurskapi félagslega lagskiptingu. Byggt er á greiningu gagna úr langtímarannsókn sem náði til alls 1999-árgangsins. Næstu tvær greinar eru fyrstu birtingar höfundanna á íslensku upp úr doktorsritgerðum þeirra (Anna Björk Sverrisdóttir, 2021; Eva Dögg Sigurðardóttir, 2021). Anna Björk fjallar um framhaldsskólanemendur með þroskahömlun út frá viðtalsgögnum við yfirmenn starfsbrauta, foreldra og nemendur. Eva Dögg fjallar um framtíðarvæntingar 13-15 ára nemenda af erlendum uppruna til menntunar og farsældar og byggir á spurningakönnun og viðtölum við íslenska og erlenda nemendur sem eru að ljúka námi sínu í 17 grunnskólum víðs vegar um landið. Þær fjalla um þessa tvo hópa sem hafa verið og eru enn í hættu á jaðarsetningu innan framhaldsskólans, ef marka má niðurstöður þeirra, hópar sem eru í allt annarri stöðu en sá úrvalshópur sem ræddur er í fyrstu greininni. Síðasta greinin eftir Magnús Þorkelsson og Gunnlaug Magnússon er hluti af doktorsrannsókn Magnúsar á framhaldsskólakerfinu og rammur inn hvaða hópar nemenda virðast hagnast mest á að hafa „einn námsmarkað“ inn á stúdentsprófsbrautir með því að rýna ítarlega eitt tilvik. Í öllum greinunum er gerð grein fyrir ákveðnum þáttum í íslenskri menntastefnu og hvernig þeir tengjast alþjóðlegum menntastraumum.

RannMennt; rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti, gefur út þetta sérrit Netlu í samstarfi við Menntavísindastofnun HÍ. RannMennt er fremur ung rannsóknarstofa (2018) en stofnun hennar var tilraun til að festa í sessi gagnrýnar kenningar á breiðum grunni innan menntavísinda á Íslandi og stofna vettvang til að miðla þekkingu, taka þátt í umræðu og valdefla fagfólk og hagsmunaaðila til að ræða um menntamál út frá þessu gagnrýna fræðasjónarhorni. Meginmarkmið stofunnar eru að:

- a. greina menntastefnur í alþjóðlegu samhengi, áhrif markaðs- og alþjóðavæðingar og innngildandi menntunar á stefnumótun, uppeldi og skólustarf
- b. rýna í samspil fjölmenningsfræða, kynjafræða, hinseginfræða og fötlunarfræða í tengslum við félagslegt réttlæti í uppeldi og menntun
- c. skoða áhrif samvinnunnar ólíkra þátta, svo sem stéttar, kyngervis, kynhneigðar, uppruna, aldurs og fötlunar á valdatengsl og félagslegt réttlæti í uppeldi og menntun.

Stúdentshúfan, hvíti kollurinn er mikilvægt tákni og viðurkenning fyrir þau sem ljúka framhaldsskóla – lengi eingöngu fyrir þá sem luku námi á bóknaðsbrautum en hefur öðlast almennara gildi með möguleikum nemenda af list- og verknámsbrautum til að ljúka stúdentsprófi og kröfunni um framhaldsskóla fyrir alla. Meginefniviður þessa sérrits hverfist um framhaldsskóla og innritunarkerfi þeirra og möguleika ólíkra nemenda innan kerfisins, með sérstakri áherslu á þá sem kerfið skilgreinir sem úrvalsnemendur, nemendur af erlendum uppruna og nemendur með þroskahömlun.

Forsíðumyndin er af útskriftarhátíð nemenda Fjölbrautarskólans við Ármúla fyrir 20 árum síðan. Myndinni er smell af þessu mikilvæga augnabliki þegar nemendur hafa fengið leyfi til að setja upp hvíta kollinn. Fjölbreytileiki nemenda er missýnilegur á myndum af þessu tagi, en þarna eru augljóslega nemendur á ólíkum aldri og af ólíkum uppruna, þrátt fyrir að Ísland hafi verið afar einsleitt árið 2004. Það átti ekki við um alla framhaldsskóla og á ekki enn, og er umræða um það sá rauði þráður sem finna má í öllum greinum ritsins. Á myndinni eru sum fljótari en önnur að setja upp

² Undir heitinu *Hin útvöldu ungmenni í þéttbýla Norðrinu: Framhaldsskólavali í Reykjavík og Helsinki*.

³ Sjá nánar á heimasíðu RannMenntar

húfuna; önnur algjörlega húfulaus en öll eru að fagna námslokum og að kveðja framhaldsskólastigið. Það er ósk mín að þetta sérít muni skapa umræðu um hvernig efla megi framhaldsskólastigið enn frekar í átt að félagslegu réttlæti.

Heimildir

- Anna Björk Sverrisdóttir. (2021). *Education of students with intellectual disabilities at the upper secondary school level in light of theories of inclusive education and social justice* [óbirt doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauds meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Kosunen, S. (2022). Upper-secondary school choices in Reykjavík and Helsinki: The selected few in the urban north. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 77–95). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_5
- Bourdieu, P. og Passeron, J.-C. (1977). *Reproduction in education, society and culture*. Sage.
- Coleman, J. (1966). *Equality of educational opportunity*. U.S. Government Printing Office.
- Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2018). Þversagnir og kerfisvillur? Kortlagning á ólíkri stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.7>
- Elsa Eiríksdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Guðrún Ragnarsdóttir. (2022). Selection for whom? Upper secondary school choice in the light of social justice. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar), *Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries: Access and fairness* (bls. 175–197). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_10
- Eva Dögg Sigurðardóttir. (2021). Children of a foreign background: Aspirations after compulsory education in Iceland [doktorsritgerð, University of Kent]. *Kent Academic Repository*. <https://doi.org/10.22024/Uni-Kent%2F01.02.93184>
- Goldsmith, P. R. (2011). Coleman revisited. *American Educational Research Journal*, 48(3), 508–535. <https://doi.org/10.3102/0002831210392019>
- Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008.
- Menntamálastofnun. (2023). *PISA 2022: Helstu niðurstöður á Íslandi*. https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf
- Rasmussen, A. og Dovemark, M. (ritstjórar). (2022). *Governance and choice in upper-secondary education in the Nordic countries: Access and fairness*. Springer.
- Steiner-Khamsi, G., Kolfína Jóhannsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (væntanlegt 2024). The school-autonomy-with-accountability reform in Iceland: Looking back and making sense. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*.
- Thrupp, M. og Lupton, R. (2006). Taking school contexts more seriously: The social justice challenge. *British Journal of Educational Studies*, 54(3), 308–328. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8527.2006.00348.x>
- Verger, A., Fontdevila, C. og Parcerisa, L. (2019). Constructing school autonomy with accountability as a global policy model: A focus on OECD's governance mechanisms. Í C. Ydesen (ritstjóri), *The OECD's historical rise in education: The formation of a global governing complex* (bls. 219–243). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-33799-5_11
- Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Er búsetumunur á námsárangri þegar ólík þjóðfélagsstaða er tekin með í reikninginn? *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(1), 63–87. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2019.28.4>



Berglind Rós Magnúsdóttir, Prófessor í menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2024).

Inngangur – Gagnrýnar menntarannsóknir og framhaldsskólinn

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2024 – Framhaldsskólinn - Menntastefna og félagslegt réttlæti.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2024/framhaldskolinn_menntastefna_felagslegt_rettlacti/inngangur.pdf